

***Viðhorfskönnun meðal  
dvalargesta í orlofshúsum  
BSRB***

***September 2007***

Unnið fyrir:


**BSRB**

**Bandalag starfsmanna ríkis og bæja**

***HJÖRDÍS SIGURSTEINSDÓTTIR***

# Efnisyfirlit

<b>1. INNGANGUR.....</b>	<b>1</b>
<b>2. SÖFNUN GAGNA .....</b>	<b>2</b>
2.1 TILGANGUR OG MARKMIÐ .....	2
2.2 FRAMKVÆMD OG HEIMTUR .....	2
2.3 ÚRVINNSLA .....	3
<b>3. NIÐURSTÖÐUR.....</b>	<b>4</b>
3.1 GRUNNUPPLÝSINGAR .....	4
3.2 VIÐMÓT STARFSMANNA .....	7
3.3 ÁSTAND HÚSSINS .....	8
3.4 ÞJÓNUSTA OG AFÞREYINGARMÖGULEIKAR .....	10
3.5 ÁNÆGJA MEÐ DVÖLINA .....	14
<b>4. LOKAORÐ .....</b>	<b>18</b>
<b>VIÐAUKI .....</b>	<b>19</b>



## Myndaskrá

Mynd 1. Svarhlutfall. ....	3
Mynd 2. Kynjahlutfall svarenda.....	4
Mynd 3. Aldur svarenda.....	5
Mynd 4. Menntun svarenda.....	5
Mynd 5. Búseta svarenda.....	5
Mynd 6. Hjá hverjum starfar þú, ríki, sveitarfélagi eða öðrum launagreiðanda?.....	6
Mynd 7. Í hvaða aðildarfélagi BSRB ert þú?.....	6
Mynd 8. Á hvaða orlofssvæði varst þú?.....	6
Mynd 9. Hvernig var viðmót starfsmanna við komu, greint eftir kyni. ....	7
Mynd 10. Hvernig var viðmót starfsmanna við komu, greint eftir dvalartíma. ....	7
Mynd 11. Hvernig var viðmót starfsmanna við komu, greint eftir orlofssvæði. ....	8
Mynd 12. Var ástand hússins gott, greint eftir kyni.....	8
Mynd 13. Var ástand hússins gott, greint eftir dvalartíma. ....	8
Mynd 14. Var ástand hússins gott, greint eftir dvalarstað.....	9
Mynd 15. Hverja af eftirfarandi þjónustu- og afþreyingarmöguleikum nýttir þú þér?.....	10
Mynd 16. Hversu mikilvægt finnst þér að rúmföt séu til staðar í húsunum, greint eftir kyni. ....	11
Mynd 17. Hversu mikilvægt finnst þér að rúmföt séu til staðar í húsunum, greint eftir dvalartíma. ....	11
Mynd 18. Hversu mikilvægt finnst þér að rúmföt séu til staðar í húsunum, greint eftir dvalarstað.....	11
Mynd 19. Myndir þú nýta þér þann möguleika að leigja rúmföt á staðnum ef þau væru ekki til staðar í húsunum, greint eftir kyni. ....	12
Mynd 20. Myndir þú nýta þér þann möguleika að leigja rúmföt á staðnum ef þau væru ekki til staðar í húsunum, greint eftir dvalartíma. ....	12
Mynd 21. Myndir þú nýta þér þann möguleika að leigja rúmföt á staðnum ef þau væru ekki til staðar í húsunum, greint eftir dvalarstað. ....	13
Mynd 22. Myndir þú vilja geta keypt ræstingu á húsið í stað þess að þurfa að þrifa sjálf(ur), greint eftir kyni.....	13
Mynd 23. Myndir þú vilja geta keypt ræstingu á húsið í stað þess að þurfa að þrifa sjálf(ur), greint eftir dvalartíma.....	14
Mynd 24. Myndir þú vilja geta keypt ræstingu á húsið í stað þess að þurfa að þrifa sjálf(ur), greint eftir dvalarstað.....	14
Mynd 25. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með dvölinu, greint eftir kyni.....	15
Mynd 26. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með dvölinu, greint eftir dvalartíma.....	15
Mynd 27. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með dvölinu, greint eftir dvalarstað.....	15
Mynd 28. Getur þú hugsað þér að koma aftur hingað til orlofsdvalar, greint eftir kyni.....	16
Mynd 29. Getur þú hugsað þér að koma aftur hingað til orlofsdvalar, greint eftir dvalartíma.....	16
Mynd 30. Getur þú hugsað þér að koma aftur hingað til orlofsdvalar, greint eftir dvalarstað.....	16

## 1. Inngangur

Í þessari skýrslu er greint frá helstu niðurstöðum úr rannsókn sem gerð var vorið og sumarið 2007 meðal gesta í orlofshúsum BSRB. Henni er ætlað að afla upplýsinga um viðhorf félagsmanna til starfssemi orlofsbyggða BSRB með það fyrir augum að bæta starfssemi orlofshúsanna og móta stefnu fyrir komandi ár.

Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri (RHA) annaðist könnunina og af hálfu hennar bar Hjördís Sigursteinsdóttir, sérfræðingur ábyrgð á henni ásamt því að skrifa lokaskýrslu.

## 2. Söfnun gagna

### 2.1 Tilgangur og markmið

Tilgangur og markmið með könnuninni var að afla upplýsinga um viðhorf félagsmanna til starfsemi orlofsbyggða BSRB með það fyrir augum að bæta starfsemi þeirra og móta stefnu fyrir komandi ár. Spurt var m.a. um viðmót starfsmanna, nýtingu á þjónustu- og afþreyingarmöguleikum ásamt viðhorfi til breyttrar þjónustu og ánægju með orlofsdvölinum.


### 2.2 Framkvæmd og heimtur

Spurningalisti var lagður fyrir þrjá hópa; (1) dvalargesti í orlofshúsunum í Munaðarnesi, Stóruskógum og Eiðum sumarið 2006, (2) dvalargesti í Munaðarnesi um páska 2007 og (3) dvalargesti í orlofshúsunum í Munaðarnesi og Stóruskógum sumarið 2007. Spurningalistinn var sendur heim til þeirra sem dvöldu í orlofshúsunum sumarið 2006 en aðrir fengu hann í hendur í upphafi orlofsdvalar. Ætlunin var að leggja spurningalistann líka fyrir dvalargesti í orlofshúsunum á Eiðum sumarið 2007 en því miður þá misfórst hjá staðarhöldurum að afhenda spurningalistann.

Svarendum var gefinn kostur á að senda spurningalistann sér að kostnaðarlausu til RHA eða að setja hann í kassa í þjónustumiðstöð orlofshúsanna. Útsendur spurningalisti var ítrekaður einu sinni.

Könnunin náði til allra þeirra sem dvöldu í orlofshúsunum sumarið 2006, páskana 2007 og sumarið á fyrrgreindum svæðum eða alls 1382 manns. Það voru 663 sem svöruðu spurningalistanum. Svarhlutfallið er því 48,0% sem viðunandi svarhlutfall fyrir könnun sem þessa.

Best er svarhlutfallið meðal dvalargesta um páska 2007 en verst meðal dvalargesta sumarið 2007. Greinilegt er að það hefði þurft meiri eftirfylgni við fyrirlögn á spurningalistanum sumarið 2007.



Mynd 1. Svarhlutfall.

### 2.3 Úrvinnsla

Í skýrslunni eru athuguð svör fólks við fjölmörgum spurningum sem ætlað er að meta viðhorf dvalargesta til fyrrgreindra málefna. Þessar spurningar eru greindar eftir nokkrum bakgrunnspáttum, þó aðallega eftir kynferði, dvalartíma og orlofssvæðum.

Við úrvinnslu gagna var tryggt að öll svör væru órekjanleg og að í öllu væri farið eftir reglum Persónuverndar um öflun og meðferð persónuupplýsinga.


Niðurstöður greininga eru settar fram í myndum og töflum sem sýna hlutfall og fjölda þeirra sem svara á tiltekinn hátt. Áreiðanleiki niðurstaðna var metinn með viðeigandi tölfræðilegum aðferðum í hvert sinn og var tekið mið af slíkri greiningu í umræðunni um tengsl milli svara við einstökum spurningum og þeirra bakgrunnspátta sem til skoðunar voru. Tölfræðileg úrvinnsla var unnin í SPSS en myndir og töflur í Excel.

### 3. Niðurstöður

Í þessum kafla er að finna helstu niðurstöður viðhorfskönnunarinnar. Kaflanum er skipt upp í fimm undirkafla; (1) grunnupplýsingar, (2) viðmót starfsmanna, (3) ástand hússins, (4) þjónusta- og afþreyingarmöguleikar og (5) ánægja með orlofsdvölinu.

#### 3.1 Grunnupplýsingar

Það voru 450 (69%) konur sem svöruðu könnuninni og 202 (31%) karlar. Ellefu svarendur gáfu ekki upp kynferði sem þýðir að þegar fjallað er um niðurstöður greininga eftir kynferði eru svör þessara einstaklinga ekki með.




Mynd 2. Kynjahlutfall svarenda


Algengast er að þeir sem taka orlofshúsin á leigu séu á aldrinum 31-65 ára eða 76,4% þeirra sem svöruðu spurningalistanum, 16,9% eru á aldrinum 66 ára og eldri og 6,7% 30 ára og yngri.

Í flestum tilfellum eru svarendur með grunnmenntun (37,7%) eða iðnnám og annað starfsnám (31,8%). Það eru 9,5% með stúdentspróf og 20% með háskólamenntun.


Í langflestum tilvikum eru svarendur búsettir á höfuðborgarsvæðinu eða samtals 364 manns. Hvað landsbyggðina varðar þá eru 64 svarendur búsettir á Akureyri og nágrenni, 23 á Vestfjörðum og 18 manns á Austfjörðum.



Mynd 3. Aldur svarenda.



Mynd 4. Menntun svarenda.




Mynd 5. Búseta svarenda.


Flestir svarendur starfa hjá ríkinu eða 44%, 37,3% starfa hjá sveitarfélagi og 18,7% hjá öðrum vinnuveitanda en ríki eða sveitarfélagi.



Nær allir svarendur eru í einhverju aðildarfélagi BSRB eða 75,3% svarenda. Langalgengast er að svarendur séu í Stéttarfélag í almannabjónustu (SFR) eða 146 svarendur, 47 svarendur eru í Póstmannafélagi Íslands (PFÍ) og 45 í Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar (STRV).




Mynd 6. Hjá hverjum starfar þú, ríki, sveitarfélagi eða öðrum launagreiðanda?



Mynd 7. Í hvaða aðildarfélagi BSRB ert þú?

Langflestir svarendur dvöldu í orlofshúsum í Munaðarnesi eða 73% svarenda, 12,2% dvöldu í Stóruskógum, 11% á Eiðum og 3,8% svarenda dvöldu á fleiri en einum orlofsstað um sumarið.




Mynd 8. Á hvaða orlofssvæði varst þú?


### 3.2 Viðmót starfsmanna

Dvalargestir voru spurðir að því hvernig viðmót starfsmanna var við komu á orlofsstað. Skemmst er frá því að segja að nær allir svara því til að viðmót starfsmanna hafi verið mjög eða frekar gott. Það eru 2% sem telja að viðmót þeirra hafi verið frekar eða mjög slæmt og önnur 2% sem vita það hreinlega ekki.


Sjá má nokkurn mun á svörum fólks eftir dvalartíma og orlofssvæði. Mun fleiri sem dvöldu í húsunum um páskana 2007 eru ánægðari með viðmót starfsmanna við komu en dvalargestir yfir sumartímann. Eins má sjá að dvalargestir á Eiðum eru ekki eins ánægðir með viðmót starfsmanna við komu eins og dvalargestir á öðrum svæðum. Munurinn reyndist þó í hvorugt skiptið marktækur.



Mynd 9. Hvernig var viðmót starfsmanna við komu, greint eftir kyni.




Mynd 10. Hvernig var viðmót starfsmanna við komu, greint eftir dvalartíma.




Mynd 11. Hvernig var viðmót starfsmanna við komu, greint eftir orlofssvæði.

### 3.3 Ástand hússins


Dvalargestir voru spurðir að því hvernig ástand hússins hafi verið við komu. Meirihluti svarenda taldi að ástand orlofshússins hafi verið gott við komu eða um 78% svarenda.



Mynd 12. Var ástand hússins gott, greint eftir kyni.



Mynd 13. Var ástand hússins gott, greint eftir dvalartíma.



Mynd 14. Var ástand hússins gott, greint eftir dvalarstað.

Þeir sem ekki voru ánægðir með ástands hússins voru beðnir um að segja til um hvað hafi helst verið að.

Helst mátti sjá á svörum fólks að þrifum á húsi, potti eða grilli hafi verið ábótavant við komu. Það eru 56 svarendur sem segja að húsið hafi verið illa eða ekkert þrifið, 17 svarendur sögðu að heitur pottur hafi ekki verið þriffin og níu manns geta þess að grillið hafi verið óþrifið. Einnig kom fram að húsin væru orðin léleg og viðhaldi almennt mjög ábótavant. Húsgögnin væru sum hver orðin þreytt, önnur brotin og aðstaða á palli slæm. Jafnframt kom fram töluverð óánægja með baðherbergi og meðal þess sem nefnt var að þar inni væri mikil klóaklykt, klósettin skítug og vatnið ekki nógu gott. Sjá nánar svörin eins og þau komu fyrir í viðauka.


Tafla 1. Hvað var helst að ástandi hússins?

Þáttur:	Fjöldi:
Óþrifnaður á húsi	56
Húsið gamalt og lúið	47
Vantar viðhald	38
Húsbúnaður lélegur og vantar ýmislegt	34
Óþrifnaður á potti	17
Baðherbergi mjög lélegt	15
Húsgögn brotin	15
Rúmin slæm	9
Grill óþrifið	9
Pottur í ólagi	7
Hitinn á vatninu til vandræða	7

### 3.4 Þjónusta og afþreyingarmöguleikar

Á orlofsdvalarstöðunum er boðið upp á ýmsa þjónustu og afþreyingakosti, þó mismikla eftir orlofsstað. Taldir voru upp ákveðnir þjónustu- og afþreyingarmöguleikar og voru svarendur beðnir um að merkja við hvort þeir hafi nýtt sé þá eða ekki. Þessir þjónustu- og afþreyingarmöguleikar voru; (1) kaffihús, (2) bar, (3) tónleikar, (4) leikvöllur, (5) golfvöllurinn Glanni, (6) þvottavél, (7) þurrkari og (8) bátar á Eiðavatni.


Langalgengast var að svarendur nýttu sér leikvöllina á svæðunum eða 266 manns og 117 manns nýttu sér það að fara á kaffihúsið. Mun færri nýttu sér aðra en þessa afþreyingarmöguleika sem svæðin bjóða upp á. Helst má þar þó nefna golfvöllinn Glanna, báta á Eiðavatni og að fara á barinn.




Mynd 15. Hvaða þjónustu- og afþreyingarmöguleika nýttir þú þér?

Jafnframt var spurt út í rúmföt, þ.e. hvort viðkomandi finnst mikilvægt að þau séu til staðar í húsunum og ef þau væru ekki til staðar hvort viðkomandi myndi þá nýta sér þann möguleika að leigja rúmföt á staðnum. Í flestum tilvikum fannst svarendum mikilvægt að rúmföt séu til staðar í húsunum, sérstaklega á það við um dvalargesti sumarið 2007.


Dvalargestir á Eiðum lögðu þó ekki eins mikla áherslu á að rúmföt séu til staðar í húsunum eins og dvalargestir á öðrum orlofssvæðum.



Mynd 16. Hversu mikilvægt finnst þér að rúmföt séu til staðar í húsunum, greint eftir kyni.




Mynd 17. Hversu mikilvægt finnst þér að rúmföt séu til staðar í húsunum, greint eftir dvalartíma.




Mynd 18. Hversu mikilvægt finnst þér að rúmföt séu til staðar í húsunum, greint eftir dvalarstað.


Ef rúmföt væru ekki til staðar þá myndi innan við helmingur svarenda nýta sér þann möguleika að leigja rúmföt á staðnum eða um 43% svarenda. Nokkuð fleiri karlar en konur höfðu áhuga á því að leigja rúmföt á staðnum en þó var munurinn ekki marktækur. Hins vegar komu fram tengsl milli dvalartíma og dvalarstaðar og áhugi á að leigja rúmföt á staðnum. Dvalargestir sumarið 2007 höfðu mun minni áhuga á að leigja sér rúmföt á staðnum heldur en dvalargestir um páska 2007 og enn minni áhuga en dvalargestir sumarið 2006. Jafnframt höfðu dvalargestir á Eiðum og þeir sem dvöldu á fleiri en einum stað mun meiri áhuga á að leigja sér rúmföt á staðnum en dvalargestir á öðrum svæðum.



Mynd 19. Myndir þú nýta þér þann möguleika að leigja rúmföt á staðnum ef þau væru ekki til staðar í húsunum, greint eftir kyni.




Mynd 20. Myndir þú nýta þér þann möguleika að leigja rúmföt á staðnum ef þau væru ekki til staðar í húsunum, greint eftir dvalartíma.




Mynd 21. Myndir þú nýta þér þann möguleika að leigja rúmföt á staðnum ef þau væru ekki til staðar í húsunum, greint eftir dvalarstað.

Einnig var spurt út í ræstingu á húsin, hvort viðkomandi myndi vilja geta keypt ræstingu á húsið í stað þess að þurfa að þrifa sjálfur. Í stuttu máli er staðreyndin sú að nokkuð fleiri myndu vilja kaupa ræstingu á húsið heldur en að þurfa að þrifa það sjálf. Um 40% svarenda mundu vilja kaupa ræstingu í stað þess að þurfa að þrifa sjálfir, tæp 39% ekki og um 21% var alveg sama. Hér má greina nokkurn mun á svörum eftir kynferði. Meirihluti karla vildi ekki kaupa ræstingu á húsið en hins vegar vildi meiri hluti kvenna gera það. Jafnframt mátti sjá að mun fleiri konum var nokkuð sama.




Mynd 22. Myndir þú vilja geta keypt ræstingu á húsið í stað þess að þurfa að þrifa sjálf(ur), greint eftir kyni.






Mynd 23. Myndir þú vilja geta keypt ræstingu á húsið í stað þess að þurfa að þrifa sjálf(ur), greint eftir dvalartíma.




Mynd 24. Myndir þú vilja geta keypt ræstingu á húsið í stað þess að þurfa að þrifa sjálf(ur), greint eftir dvalarstað.

### 3.5 Ánægja með dvölinu


Dvalargestir voru spurðir hversu ánægðir eða óánægðir þeir voru með dvölinu í orlofshúsinu. Skemmst er frá því að segja að almennt séð voru dvalargestir ánægðir með dvölinu. Um 63% svarenda voru mjög ánægðir og um 32% til viðbótar frekar ánægðir. Lítinn mun var að finna á svörum við þessari spurningu og þeirra bakgrunnspátta sem til skoðunar voru.



Mynd 25. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með dvölinu, greint eftir kyni.




Mynd 26. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með dvölinu, greint eftir dvalartíma.




Mynd 27. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með dvölinu, greint eftir dvalarstað.


Svarendur voru jafnframt spurðir hvort þeir gætu hugsað sér að koma aftur til orlofsdvalar og ef svo væri ekki þá hvers vegna. Skemmst er frá því að segja að langflestir gátu hugsað sér að koma aftur til orlofsdvalar eða tæp 95% svarenda. Ekki var hægt að greina neinn mun á svörum við þessari spurningu og þeirra bakgrunnspátta sem til skoðunar voru.



Mynd 28. Getur þú hugsað þér að koma aftur hingað til orlofsdvalar, greint eftir kyni.



Mynd 29. Getur þú hugsað þér að koma aftur hingað til orlofsdvalar, greint eftir dvalartíma.



Mynd 30. Getur þú hugsað þér að koma aftur hingað til orlofsdvalar, greint eftir dvalarstað.

Helstu ástæður þess að svarendur gátu ekki hugsað sér að koma aftur til orlofsdvalar voru þær að húsin og húsbúnaður eru orðin svo léleg að þau standast ekki lengur kröfur fólks sem gerðar eru í dag til slíkra húsa. Sjá nánar svörin eins og þau komu fyrir í viðauka.

Tafla 2. Af hverju getur þú ekki hugsað þér að koma hingað aftur til orlofsdvalar?

<b>Þáttur:</b>	<b>Fjöldi:</b>
Húsin léleg	24
Aðbúnaður slæmur	10
Vantar viðhald og endurnýjun á húsbúnað	6

Að lokum var svarendum gefinn kostur á því að koma frekari upplýsingum á framfæri ef áhugi væri fyrir hendi. Nokkuð margir nýttu sér þann möguleika eða meira en helmingur svarenda. Margt athyglivert kom fram í svörum þeirra sérstaklega varðandi húsin, ástand þeirra sem og innan-stokksmuna. Einnig komu fram ábendingar varðandi aðgengi að húsunum og ástand vega. Auk þess sem nokkrir nýttu sér þennan möguleika við að koma þakklæti á framfæri. Svörin eins og þau komu fyrir er að finna í viðauka.

## 4. Lokaorð

Í þessari skýrslu er greint frá helstu niðurstöðum úr rannsókn sem gerð var vorið og sumarið 2007 meðal gesta í orlofshúsum BSRB. Henni var ætlað að afla upplýsinga um viðhorf félagsmanna til starfssemi orlofsbyggða BSRB með það fyrir augum að bæta starfsemi orlofshúsanna og móta stefnu fyrir komandi ár.

Helstu niðurstöður könnunarinnar eru þær að svarendur hafi almennt nokkuð verið ánægðir með dvölinu en ýmislegt hefði þó mátt betur fara.

Greinilegt er að mörg húsin eru orðin verulega illa farin og börn síns tíma. Fram komu ýmsar athugasemdir sem vert er fyrir stjórnendum BSRB og umsjónarmenn húsanna að lesa yfir. Athugasemdir er lúta að öryggi, sérstaklega hvað varðar öryggi barna ber að taka mjög alvarlega og bæta þar úr hið snarasta ef það er ekki þegar búið.

## Viðauki

### Opin svör við spurningu 9. Hvað var helst að?

#### Munaðarnes:

- Allt orðið frekar gamalt og lúið. Ekki var hægt að fara í sturtu, vatnið lak alltaf fram.
- Allt er orðið mjög gamalt og lúið. Nýi sófinn allt of stór í plássíð og óþægilegur
- Allt í niðurníðslu, bústaður sem ekki verður bjargað. Rífa þessa hörmung og byggja nýja. Höfum aldrei borgað svona mikið (20.000) og aldrei fengið svona lítið fyrir peninginn. Ljótasti og mest illa farni bústaður í 15 ára leiguferð okkar.
- Allt orðið frekar lúið.
- Alltaf gröfur í potti (heitum)
- Allur búnaður er mjög gamall, rúm og útihúsgögn.
- Ath. þarf lok á heitum potti.
- Ath. Hurð á sturtu var í ólagi og sturtuhaus lélegur.
- Ágætt, mætti vera betra
- Áhöld í eldhúsi til skammar, lélegar dýnur. Ekkert vatn í sturtu. Bilað neysluvatn í eldhúsi, útihurð ekki músheld. Fúkkalykt. Vantar annað tvíbreitt rúm.
- Ástand hússins var að langflestu leiti gott. En í bakaraofninum var viðbrennd mylsna og talsverð brauðmysna í flestum eldhússkúffum. Eldavél ekki nógu vel þrífín og panna og pottar með leiðinda langtíma viðbrenndri skán. Heitur pottur virkaði óhrein - vatnið var líka moldugt. Kom í ljós að þetta var vel þekkt vandamál, bara eitthvað í vatninu, sögðu umsjónarmenn. Gerði pottferðir minni ánægjulega. Lélegt rennsli á sturtu í baðherbergi.
- Baðherbergi mjög lélegt. Innréttingar í eldhús mjög lélegar.
- Baðherbergi.
- Bunga á stofugólfi, lélegar innréttingar
- Ekkert sem truflar dvölinu en viðhald ekki gott, þarf t.d. nauðsynlega að bera á.
- Ekkert sérstakt.
- Ekki nógu vel þrifið
- Ekki nógu vel þrifið svo og óhreint leirtau.
- Ekki nógu vel þrifið.
- Ekki vel þrifið og potturinn var skelfilega óhrein, gátum ekki notað hann, vantar tæki og tól til að þrifa hann vel.
- Ekki vel þrifið, 1 fótur á hjónarúmi brotinn og kubbar undir einum, ristavélin er biluð.
- Eldgamalt og úr sér gengið. Drullusvað fyrir framan pallinn.
- Eldhúsborðið og fl. húsgögn og leirtau þarf að endurnýja - vantar fataskópa og leiksvæði fyrir utan bústaðinn er illa farið.
- En er komið til ára sinna.
- Fannst dýurnar ekki góðar, vantar búsáhöld, vantar græjur.
- Finnst bústaður og innbú hans afar þreytt. Þarfnast talsverðar andlitslyftingar.

- Frekar illa þrifið.
- Fúkkalykt er hér yfir öllu - mjög bagalegt. Klóaklykt, eitthvað í ólagi hvað það varðar - gaus upp stundum - kannski e-ð með veður að gera. Skreytingar og sófaborð fannst okkur ekki vera praktískt, - er ekki ætlast til að börn séu hér? Allt of yfirdrifsmiklar skreytingar fyrir svona lítið pláss og hvergi hægt að koma þeim fyrir vantar hillur.
- Fúkkalykt frá baðherbergi, leki í svefnherbergisglugga, staðarhaldara var gert viðvart.
- Fúkkalykt í baðherbergi, vantaði snaga, hurð út á pall léleg, ógeðslega eldhúsrúllugardínur, vantaði ljósaperur.
- Gardínustangir brotnar. Vesen að ná sjónvarpi og spila DVD. Vantar að yfirfara bústað.
- Gólfíð óhreint og greinilegt langvarandi óþrif í húsinu. Potturinn var ógeðslegur, við þurftum að harka af okkur til að fara út í hann og gera okkar gesta til að þrifa hann. Öll sigti voru full af hárum, slími, flugum og öðrum viðbjóði. Allir fletir hálir af húðfitu frá gestum sumarsins! Hér er ein hálfslas grilltöng. Borðstofuborðið er mjög óstöðugt og riðar til falls t.d. ef skorið er í kjöt á diskum á borðinu. Mikil ýdulykt frá ísskápnum, vantar steikarhnífa, sófinn er flottur en óþægilegur. Dýnur ekki góðar og sérstaklega óaðlaðandi í kojuherbergi - blettóttar og klístraðar.
- Grill óhreint.
- Grillið er ónýtt, vantar hnífapör (aðeins 5 gafflar) sturtan lekur, komið er að endurnýjun spila og litabóka og í húsinu mætti vera myndbandstæki ef illa viðrar marga daga í senn.
- Grillið var ekki þrifið, sigarettustubbar og rusl á lóð og í grennd við pottinn.
- Grillið var mjög óhreint og er það yfirleitt og bústaðurinn illa þriffin.
- Grillið var óþrifið og greinilega enginn verið í húsinu í langan tíma.
- Grú skítugur pottur, glerbrot í kringum hann, hefði getað stórslasað ef við hefðum ekki séð það í tíma. Útvarp ekki til staðar.
- Götótt, hægt að horfa inn í hús á milli búka, pallur og grindverk allt frekar lélegt og gamalt. Fáránlegt að hafa se inni miðju húsi sem allir heyra hvað gerist þar inni. Vatnið ekki drekkandi. Maðurinn minn var fátækur af því og þið vilduð ekki kannast við neitt! Svo heyrðist talað um vatnið í sjónvarpinu.
- Hanskar í ólagi í herbergi og sturtuhaldari. Óhreinn pottur.
- Hávaði í heita vatninu, annars mjög gott.
- Hefði mátt vera betur þrifið.
- Hefði þurft að þrifa betur.
- Heiti potturinn er mikið þarfa þing
- Heiti potturinn var ógeðslega skítugur, ég trúi ekki öðru en að hann sé eitthvað bilaður.
- Heiti potturinn mjög óhreinn, gátum ekki notað hann.
- Heitur pottur spúði inn drullu í hvert skipti sem látið var renna í hann, kolagrill handónýtt.
- Hér á ýmislegt eftir að endurnýja, svo sem eldhúsinnréttingu og eldavél og fl. Smá fataskáp væri gott að hafa. Svo er ansi mikill gólfkuldi, enda gólfíð orðið lúíð.
- Hitastig í potti í ólagi. Eldhúshnífar bitlausir, lastskálar brotnar eða sprungnar, vantaði ofnskúffu, bakaraofn vantaði bursta til að þrifa heitan pott ofl. smávægilegt.
- Hreint og þrifalegt en allt orðið lúíð margt ábótavant!! Kústur uppvottavél, opið perustæði, fægiskúffa ónýtt, vantar fleiri stóla, eldfast mót, ofnplötur, skera og

- stólar í lamasessi.
- Húsakynni frekar þreytt og mætti taka til hendinni við viðhald.
  - Húsgögn gömul og að hruni komin. Rúmdýnur ónýtar. Hurðir skakkar, ekki hægt að loka.
  - Húsið er gamalt, farið að láta á sjá. Eldhús dapurt, illa þrifið og pottur óhreinn.
  - Húsið er þreytt, gamalt og úr sér gengið.
  - Húsið orðið þreytt og á síðasta snúning.
  - Húsið var hreint og vel um gengið.
  - Húsnæðið er orðið lúíð.
  - Hvímleiður hávaði í vatninu, nr. 19.
  - Illa hirt og allt gamalt og úr sér gengið.
  - Illa hreinsað
  - illa þrifið
  - Illa þrifið
  - Illa þrifið (rusl í vaskaskáp, nærfatnaður bak við sófa í stofu)
  - Illa þrifið hús, allt stellið óhreint, potturinn drullugur, silfurfiskar í baðinu.
  - Illa þrifið, fúkkalykt, eldgamlar bækur og drasl í hillum. Vantar fleiri leikvelli fyrir börn. Fleiri rúmstæði fyrir fullorðna með góðum dýnum.
  - Illa þrifið, skápahurðir lausar (skakkar) pallur sjoppulegur, þarfnast viðhalds, gluggar skítugir, lök götótt.
  - Illa þrifið.
  - Ísskápur var óhreinn, baðherbergi óhreint, leirtau illa þvegið og það hafði greinilega verið reykt í húsinu.
  - Kaffivél ónýt, ofn, vantaði hitaskúffu, hin passaði ekki, sigti + margt fleira.
  - léleg þrif
  - Lélegt grill og húsgögn döpur (drulluskítugt)
  - Matur í ská og ísskáp
  - Miðað við aldur
  - Mikil fúkkalykt í húsi og klóaklykt á baðherbergi + brak í baðgólfi. Rúmbotnar í kojum dattu í gólfið.
  - Mikil klóaklykt, vantar útiljós, þrif, gler lélegt, brotin rúða, útihurðir ónýtar, sturtubotn, vantar nauðsynlegt viðhald á húsin í heild.
  - Mjög erfitt að loka svalahurð. Húsið hefði mátt vera betur þrifið.
  - Mjög óhreint.
  - Mjög skítugt, þurftum að þrifa bústaðinn hátt og lágt og skrúbba bústaðinn
  - Mætti bera á tréverkið.
  - Mætti fara að athuga með viðhald.
  - Mætti vera þrifið betur, heitt vatn var mjög lítið en lagaðist fljótt.
  - Mættu vera fleiri hillur og skápahurðir. Mætti laga veröndina. Annars allt í góði lagi og mjög fínt.
  - Naglar að ganga upp úr viðnum úti á verönd. Þarf að laga. Gluggar í húsi ónýtir, sést varla út um þá. Þakrennur lausar. Vantar gardínur í glugga í herbergjunum. Of bjart og heitt.
  - Nokkuð gott.



- Orðið dálítið lúið allt saman. Ísskápur kominn á tíma, salerni óhrjálegt. "heitur" pottur með köldu vatni.
- Orðið lúið. Potturinn óvirkur. Annars fór vel um mig.
- Óhreint
- óhreint neysluvatn, skemmdir í gólfi í herbergjum.
- ólykt á baðherbergi, meðfram vaskinum. Vantar lesljós við rúm.
- Pottar, pönnur og eldhúsáhöld léleg.
- Pottur í ólagi. Var svo heitur að ekki var hægt að vera í honum. Starfsfólk vildi ekkert gera.
- Pottur mjög skítugur. Grill ónothæft vegna óhreininda. Klórtöflur vantaði. Skynjari óvirkur (reyndum að þrifa það).
- Pottur var óhreinn, illa vaskað upp og vaskaskápur skítugur og hillan þar inni hrunin niður og rafmagnsáhöld þar í hrúgum.
- Potturinn (úti) skítugur, leirtauið og mylsna í skápum í eldhúsi. Grindin á grillinu skítug.
- Reykingalykt í húsinu, annars ágætt
- Rusl undir sófum - matarleifar (kvartaði ekki þreif bara)
- Rúmin ekki góð
- Rúmin eru gjörsamlega ónothæf og átti að vera búið að skipta þeim út fyrir löngu.
- Ryk, átti eftir að sópa! Og skúra, baðið mjög óhreint, ekki raða í skápa og skúffu í eldhúsi. Krot á kojum, veggir og barnaherbergi, mjög gróf orð.
- Ryk, ló undir öllum rúmum, áhöld í eldhúsi skítug, heiti pottur mjög óhreinn.
- Skítugt, potturinn var ógeðslegur, greinilega ekki þrífinn lengi og húsið var subbulegt!
- Smá lagfæring svo allt komist í besta lag.
- Smáatriði varðandi aðgengi fatlaðra.
- Stíflaður vaskur á baði og sturtu, kaffikanna ónýtt.
- Stóll úti brotinn, potturinn skítugur, hurð biluð inni.
- Sturta (lítill kraftur á vatni), pottur (brúnn af þörungum alla daga þrátt fyrir ítrekaða hreinsun)
- Sturtan, hitinn á vatninu sveiflaðist í brunahættu, ekki hitastilltur krani.
- Stærri ísskáp og helluborð.
- Svalaurðin er óþétt, slæmt ástand á vatnslögnum, hávaði í þeim og ekki fræðilegur möguleiki að blanda volgt vatn í vaskinum í eldhúsi þannig að það haldist. Eins og jójó á milli ískalds og sjóðandi heitt.
- Sæmilegt (gamalt) grillið lélegt.
- Sængur komnar á síðasta snúning. Annars allt mjög gott.
- Sængurföt rifin, eldhúsáhöld af skornum skammti t.d. glös, hnífapör.
- Umgengni gesta mætti vera betri. T.d. var bökunarofn mjög illa verkaður.
- Utan mikillar fúkkalyktar sem þó minkaði (eða vandist) á tímanum.
- Vantaði heitt vatn en það kom maður daginn eftir og skrúfaði frá lokanum.
- Vantaði læsingu á heita potta. Sjónvarp lélegt! Annars í lagi. Pottar slæmir til að matbúa.
- Vantaði peru í ljós, potturinn drullugur, vantar viðhald og öryggisþjalir á efri kojur.

- Vantaði ýmis áhöld s.s. ausur, föt og skálar. Stíflað klósett.
- Vantar búsaðhöld - yfirfara rafmagn!
- Vantar ruslatunnu á bað og barnaplastglös og diska, statíf fyrir eldhúsrúllu.
- Varð að moka brunarústun út úr ofninum, áður en ég gat notað hann.
- Vatn í potti haugdrullugt og ekki hægt að nota hann.
- Við fengum eitt af elstu húsunum. Þarf að laga sturtuaðstöðuna.
- Viðhaldi og þrifnaði mjög ábótavant.
- Virkilega þarf að endurnýja margt í húsinu.
- Vond rúm
- Vont lykt í húsinu. Ekki góðar dýnur í rúmum.
- Ýmislegt smálegt sem kostar ekki mikið að laga en rúm voru ekki nægjanlega góð - mjög slæmt!
- Það er kominn tími á húsið að innan, erfitt að loka hurðum til dæmis.
- Það er nú frekar lúið
- Það hús sem ég var í þurfti meira viðhald, stærri ísskáp, betri potta og áhöld
- Það mætti samt alveg laga eldhúskrók og stóla, þeir voru slæmir
- Það vantaði ýmislegt, eldhúsaðhöld, pottarnir voru lélegir.
- það var mjög illa þrifið og greinilega ekki yfirfarið.
- Það var raki í því.
- Það þarf að yfirfara leiktæki, sérstaklega festingar á rólugrindum.
- Þarf að koma myrkvunartjöldum fyrir í herbergi, sturta ekki góð, heitt vatn óöruggt, hurðir undnar, margt orðið þreytt.
- Þokkalegt.
- Þrif hússins ábótavant - potturinn mjög óhreinn - vonbrigði að koma þannig að húsinu.
- Þrif voru ekki í lagi. Ofn óþrifinn, kaffivél með korg og óþrifin, eldhúsbord óþrifið, ofl.
- þrif. Það var óhreint og illa gengið um, ég byrjaði á því að þrifa.
- Þrifum ábótavant
- Það var illa þrifið og myglusveppir í sturtunni. Vantar betri hnífa og brýni. L-sófar og rúm óþægileg (of mjúk rúm).

### Stóruskógar:

- Allt í lagi - vantar betra leiksvæði í Stóruskógum fyrir börn.
- Ágætlega hreint en allar súr í krönum fullar af óhreindum.
- Ekki nógu vel þrifið.
- Illa þrifið
- Í Stóruskógum, vantar vöflujárn, kertastjaka, tekrukkur og batterí í klukkuna.
- Klósettseta passar illa á klósettið. Ástand vegar frá þjóðvegi að húsum er mjög slæmt. Bæta mætti ástand mímgolfsins.
- Lélegt viðhald utanhúss og á palli. Málning viðarvörn, gruggmyndun í heita pottinum.

- Mikið af flugum á gólfi, hús greinilega staðið autt lengi, allt orðið gamalt og lúið.
- Mætti slípa og lakka eldhúsbörð.
- Nema heiti potturinn, hann hefði mátt vera hreinni.
- Óhreinn ofn og eldhúsbörð bilað
- Óhreint, illa viðhaldið og vatnið óhæft - vegur að bústað slæmur. Kominn tími á endurbætur frá A-Ö.
- Rimlar dottnir af grindverki, útveguðum áhöld til að laga það.
- Rúm voru slæm, vantaði ýmsa hluti í eldhús t.d. Ofnskúffu
- Sæmilegt
- Vantaði reyndar uppþvottalög og gestabók
- Vantar að endurnýja búsáhöld, t.a.m. eldfast mót, hrærivélaskál, hnífabryni, kort af svæðinu, nýja uppþvottagrind, kertastjaka og álíka nauðsynjavörur. Hillur á baðherbergi og góða snaga.
- Vatnið var ekki á og klósett virkaði ekki. Tók 2 tíma (auk tímans fyrir starfsmann að koma úr Borgarnesi) að redda þessu!!!
- Vatnið í pottinum óhreint of leir. Húsið allt í lagi. Óslegið alla vikuna.
- Það vantaði illilega náttborð í herbergi með 2 rúmum.
- Þreytandi að þurfa að skipta um vatn í heitapottinum, daglega v/einhverskonar slíms myndunar.

#### Eiðar:

- Afísa þurfti ískáp, allt var hreint en húsið orðið gamalt og ber þess merki
- Ábótavant að þrifa grill sem var bara skilið eftir mjög drullugt.
- Barn síns tíma.
- Bústaður lúinn.
- Ekki hægt að fara í sturtu. Við gáfumst upp eftir 3 daga.
- Er orðið ansi þreytt.
- Fer að þarfnast endurnýjunar.
- Húsið sjálft ok, en pallur fúinn og lá við stórslysi
- Húsið var alls ekki barnvænt, við inngang voru skakkar og ótraustar, handrið lélegt og alls ekki öruggt fyrir börn. Á palli voru handrið líka mjög óburðugt og tröppur mjög varasamar þar sem bil var á milli þeirra og pallsins. Tré við pallinn höfðu ekki verið snyrt og teygðu sig yfir pallinn sem gerði það varasamt að grilla. Gangstétt að húsinu var ójöfn og dóttir okkar datt einu sinni illa á henni. Læt fljóta með 4 myndir til skýringa.
- Húsin eru ágæt miðað við hvað þau eru orðin gömul.
- Illa þrifið.
- Já að mestu leiti einhver fúkkalykt var þó í húsinu.
- Laga baðherbergi og fleira.
- Leirtau óhreint í skápum, rök rúmföt, ryk í gluggum og víðar.
- Nokkuð lúið, þyrfti að hressa upp á það. Potturinn lélegur.
- Pallarnir eru fúnir og að hrynja og allt húsið orðið frekar lúið.
- Pottur mjög lélegur, ónýtir sólstólar, 50 ára útlarpstæki, sjónvarp lítið yngra, léleg

- búsáhöld.
- Sæmilegt, húsgögn voru goð en allt annað frekar þeytt.
  - Veröndina mætti bæta og klæða af sökkul hússins, boltar vildu rúlla undir húsin.
  - Það má helst segja að það þurfi að kaupa leirtau.
  - Það var ýmislegt, mest smáatriði, sem vantaði.
  - Það þarf gagnert að fara yfir húsið, nýtt á gólf, eldhús og bað, þetta glugga og endurnýja innanhúsmuni.
  - Þarf að laga tröppur.

### **Opin svör við spurningu 15b. Af hverju ekki?**

#### *Munaðarnes:*

- Að mega ekki og geta ekki haft bíl eða t.d. Fellihýsi hjá sér.
- Aðstaðan er ekki nógu góð þarf að endurnýja hluti meira.
- Allavega einu sinni um sumar.
- Búin að kanna Borgarfjörð og umhverfi og hef dvalið í Borgarfirði áður.
- Búnaður hússins ónógur, ekki í samræmi við kröfur í dag.
- Dýr dvöl
- Ef allt er í góðu lagi.
- Ef húsnæðið verður lagað.
- Ef staðurinn er þrífalegur
- Eftir þessa ferð kem ég til með að skoða betur það sem í boði er. Spyrja fólk úti hvernig bústaðurinn sé og taka ákvörðun þar að lútandi.
- Ekki fyrr en úrbætur á húsunum.
- Ekki í þetta hús, t.d. Aðkoman er ekki fyrir alla.
- Ég fór í fyrsta skipti í bústað með heitum potti með brúnu gruggi og gat ekki notað hann vegna þess.
- Hrikalega lélegur aðbúnaður í húsinu.
- Húsin eru alveg einstaklega illa búin og í lélegu ástandi. Dýnur í rúmum alveg ómögulegar!
- Húsum er illa haldið við. Þau eru illa búin og mjög óþétt.
- Illa staðsett orlofshús, innrétting slitin og ekki mjög huggulegt, allt svolítið subbulegt.
- Með því að sé bætt úr því sem mér finnst vanta og ég tæki upp.
- Mér finnst alltof erfitt og leiðinlegt að þurfa alltaf að byrja á því að þrifa til að geta dvalið hér.
- Mér leið ekki rosalega vel þarna.
- Mun ekki leiga þetta hús aftur.
- Nú erum við búin að skoða Borgarfjörð og þurfum ekki að koma aftur.
- Of mikið að, að mínu mati. Ekki næg alúð í umönnun húsanna - ég mun frekar velja aðra staði- ég er jú búin að vinna í rúm 3 ár fyrir þessum 150 punktum og borga að auki 18.000!
- Vegna lélegra ástands á húsi og drykkjarvatni.

- Vegna tilgreindra athugasemda
- Veit ekki, ef allt væri í ok.
- Það er ekki hægt að loka hurðinni í hjónaherbergi, almennilega.
- Þyrfti að gera allsherjar hreingerningu og endurnýja innbú og leiksvæði við bústað.
- Ömurlegt sumarhús. Munaðarnes í sjálfu sér ágætt.

#### Stóruskógar:

- Léleg hús og aðbúnaður, vatn ódrykkjarhæft og ekki nothæft í heitan pott.
- Pottur ekki í lagi og húsið orðið lúíð
- Rúmin eru slæm (hjónarúm er ekki á staðnum) potturinn við húsið er á slæmum stað.
- Samrýmið ekki gott, sófi í stofu óþægilegur, veröndin opin og lítið skjól.
- Slæmur vegur að húsi, lélegt leiksvæði fyrir börnin. Ef þetta er lagað kem ég aftur.
- Staðurinn er frábær en húsin í lamasessi.
- Svæðinu í kring er illa við haldið og bústaður orðin mjög lúinn.
- Vantar betri rúm. Kafgras á leiksvæðinu í júlí, lítið um leiktæki og húsin orðin léleg.
- Vantar meiri afþreyingu fyrir börn, viðhald á leiktækjum ofl.
- Viðhaldi ábótavant - erfitt að halda húsinu snyrtilegu.

#### Eiðar:

- Ef ég fæ aðgang að þvottavél og þurrkara. Okkur var vísað á Egilsstaði.
- Eftir viðgerð á húsunum.
- Ekki nema sé lagaðir pallar og lagður smá metnaður í það sem er í bústað og við hann. Bátar ekki fullir af vatni þegar komið er.
- Húsin orðin ansi þreytt.
- Okkur þótti margt ábótavant t.d. Eldhúsáhöld og fl.
- Þjónusta engin. Fulltrúi SFR ekki til viðtals.

### **Opin svör við spurningu 16. Annað sem þú villt koma á framfæri?**

#### Munaðarnes:

- Að hafa hús eins og nús nr. 10 er í alla staði til fyrirmyndar. Frábær aðstaða sem er alls ekki til staða alls staðar. Þó margur geri vel. Kærar þakkar fyrir okkur.
- Að í hverjum bústað sé auglýst að ekki megi reykja inni.
- Að ítreka aðfólk þrifi eftir sig, svo maður þurfi ekki að byrja á því að þrifa og sótthreinsa! Einnig mætti fara að endurnýja meira í bústöðum.
- Aðal kvörtunarefnið er vatnið erfitt var að fá hreint vatn til neyslu og einnig í heitan pott.
- Aðkoma að húsi skipti miklu máli og að hús sé hreint og snyrtilegt. Mætti bera

- betra. Kynning á umhverfi og þjónustu í nágrenni við bústað.
- Alltaf gott að koma í Munaðarnes
  - Almennilegt hjónarúm vantar og dvd tæki mætti vera til uppvottavél - stærri ísskáp - gasgrill - alm. Nútímaþægindi eins og góðu frí sæmir.
  - Alsæl að komast í oflofshús með fjölskyldu minni. Mjög þakklát.
  - Alveg nauðsynlegt að hafa gasgrill, kolagrill skítugt við komu og ekki notað í dvölinni. Sturtan er kraftlaus, og hurð ekki hægt að læsa á wc. Það að koma sjónvarpi fyrir í hillu, tekur alltof mikið pláss á sófaborði.
  - Ath. Með hitastig á potti og óhreinindi sem koma inn í pottinn, ath. Að setja rúllugardínur.
  - Athugasemdir í lið 9 eru samt smámunir miðað við notarlegheitin hér í Munaðarnesi.
  - Áttum í vandræðum með hitastillinn í heita pottinum. Hann var allt of heitur fyrir krakka. Þarf að laga það.
  - Auka þarf viðhald húsa, leiksvæðis, frábært svæði sem þarf að halda vel við jafnvel þó það kosti hærri leigu.
  - Ánægja ávallt í Munaðarnesi, fallegur og góður staður og stutt að fara á aðra fagra staði og þjónusta góð.
  - Ástand hússins var gott en það vantaði áhöld í eldhús og ekki var gengið nógu vel um skápana (skítugir). Annað mjög gott.
  - Baðherbergið er fínt og garðhúsgögnin flott. Að mínu álit er sjálfhreinsandi pottur ekki að gera sig á svona stað þar sem notkunin er a 2x á dag!! Kannski virkar þetta á heimilum þar sem álagið er minna - en ekki þar sem er útleiga í 12-15 vikur á ári án hlés. Ég kys allavega frekar að eyða tíma í að þrifa pottinn og bíða í a 50 mín í að renni í hann aftur og vera viss um að ég ekki að synda í sýklum frá síðustu 6 vikum. Hér er engin gestabók og hefur ekki verið síðan 2004! Gótt að eiga kost á öllum liður í 10. spurningu þó að við höfum ekki nýtt okkur það.
  - Bara ítreka hvað það væri gott að þurfa ekki að þrifa. Nóg vinna samt að pakka saman börnum og buru!
  - Betri lýsing utanhúss, viðhald utanhúss s.s. fúaverja.
  - Betri sturtuáðstöðu og tæki með geislaspilara.
  - Betri leikvöll, leiksvæði fyrir börn við húsin 60-80.
  - Borðbúnaður lélegt og grill.
  - Borðstofustólar slæmir, væri gott að hafa klukku.
  - Borðstofustólarnir eru frá upphafi hússins og mjög slæmt að sitja á þeim, sérstaklega fyrir bakveikt fólk.
  - Bústaðurinn var dýr, 12-15 þús. er nóg.
  - Bæta aðgengi að flestum húsunum, endurnýja leiktæki, viðhald á þeim lélegt. Hávaði í dælum undir húsi mjög trúfandi, einnig ólykt frá niðurföllum. Einnig mætti vera meira eftirlit með húsunum.
  - Bæta grillið - skipta um dýnur - sníða húsgögn eftir stærð hús - laga hitastillinguna fyrir pott inn, þ.e. Hafa möguleika á að fara niður í 37° að minnsta kosti. Það vantar örlítið upp á að allt verði í flottu lagi.
  - Bæta leik aðstöðu við bústaðina. Mætti vera örbylgjuofn + dvd
  - Bæta þarf svefnaðstöðu, rúmin eru léleg og dýrnar hræðilegar (ónýtar). Alls ekki boðlegt.
  - Dvalargestir ættu að þrifa heitu pottana betur.

- Dvölin var mjög góð og gestir frá útlöndum sem voru með voru afskaplega ánægðir. Heiti potturinn gerði mikla lukku.
- Dvölin var æðislega fyrir utan þínu plássleysi, fengum geggjað veður og nutum helgarinnar í botn.
- Ef eitthvað vantar eða er í ólagi er ekki alltaf brugðist nógu fljótt við. Ég veit dæmi þess að það hafa liðið vikur, sem bendir til að eftirlit er ekki nógu gott. Í sumum húsunum mætti huga að dýnuskiptum.
- Ef koma gestir þá komast þeir ekki fyrir og mega ekki hafa fellihýsi hjá sér fyrir aðra gesti. Staðarhaldari var ókurteis og rak gesti í burtu.
- Eins og áður sagði, mætti taka húsið í gegn, t.d. Lakka innviði hússins og gólf. Sturtan var ekki góð.
- Eitthvað álag er á vatninu þegar farið er í sturtu - kemur til skiptis heitt og kalt vatn! (setja termóstaf) (vissum ekki um þvottavél/þurrkara)
- Ekkert tjald/hjólhýsapláss nálægt fyrir ættingja/vini (nema að Varmaland) - ekki í göngufæri. Vantar smáhluti s.s. dl. Mál, eldföst mót/föt, sósukönnu fyrir fleiri en einn. Gestabók útskrifuð.
- Ekki annað en að mér finnst mjög gott að get leigt mér sumarbústað.
- Ekki hægt að læsa baði.
- Ekki nægilegur borðbúnaður ásamt glösum og öðrum eldhúsahöldum, fara betur yfir það sem gengur úr sér.
- Ekki var búið að opna veitingasölu í þjónustumiðstöð.
- Eldhúsílát og allt eldhúsdót ónýtt. Húsgögn afar léleg. Vantar örbylgjuofn. Leiksvæði til skammar við bústað. Mætti vera nettenging, vantar hlið til að loka palli.
- Erfitt að koma fötluðu fólki að bústaðnum, urðum að aka milli steina til að koma ömmu að húsinu og rispaði bílinn fyrir bragðið.
- Ég er eftirlaunaþegi, var áður í SFR og þar áður í STAK.
- Ég er ellilífeyrisþegi. Vildi eiga kost á sumarbústað allt sumarið. Nú er einungis til 15. júní og eftir 15. ágúst.
- Ég hef verið víða og líkar það mjög vel
- Ég hætti að vinna vegna veikinda 1994 en bæði áður og eftir hef ég og fjölskylda mín mikið notað bústaðina og eins bústaði sem maðurinn minn hefur rétt á, okkur öllum til mikillar ánægju.
- Ég sótti um í fyrsta skipti eftir 15 ára starf hjá ríkinu, það kom mér á óvart að fá úthlutað 3. kostinum sem ég valdi. Hef ég samt heyrt sagt frá því að kona lenti í því að samstarfskona hennar fékk bústað sem báðar sóttu um á sama tíma þrátt fyrir að hafa starfað skemmri tíma hjá ríkinu.
- Ég vildi fá orlofshús, hef verið einu sinni en finnst svo langt síðan, vildi geta fengið oftár.
- Falleg svæði, mjög gaman að fara í göngutúra.
- Fallegur staður, leiðinlegt hvað allt er komið í þörf fyrir viðhald.
- Fáránlegt að ekki skuli vera hægt að keyra bifreiðar að húsunum.
- Fékk þennan bústað gegnum orlofssjóð BHM, er ekki í BSRB.
- Félagsmiðstöð: lengri opnunartíma! (kvöld)
- Finnst opnun á kaffihúsi og leiksal of lítil - vil kvöldopnun. Mætti laga til á öllu svæðinu - gera snyrtilegra og lífga upp fyrir utan nýja leikvöllinn, finnst mér eins og ekkert hafi verið gert hér (bæði bústað og svæðið sjálft) í tugi ára - var hér fyrir 20



- árum og ekkert breytt!!!
- Fjölga íbúðum á Akureyri.
  - Frábært að hafa pott við húsin, notuðum mínígolfið mikið og fórum að veiða í nærliggjandi vatni - mjög gott fjölskyldufrí.
  - Frábær dvöl
  - Frábær fallegur staður og starfsfólk mjög gott, vill allt fyrir mann gera.
  - Frábær rúm - nýtt gasgrill - heitur pottur- hús nr. 1 Munaðarnes \*\*\*\*\*
  - Frábært er að vera búinn að fá potta í Munaðarnesi, gott hús
  - Frábært sumarbústaðarhverfi, vonandi mun staðurinn þróast og fá gott viðhald.
  - Frekar dýrt að leigja húsin.
  - Frekar slæm aðkoma fyrir "fótafúna". Frekar slæmar brekkur að sumum húsum frá bílastæði.
  - Funum hvergi gestabók fyrir húsið. Finnst nauðsynlegt að hafa húsbók í húsunum þar sem t.d. er hægt að gera athugasemdir og koma upplýsingum áleiðis. (t.d. Um útipottinn í þessu tilviki) Því fyrst heldur maður að fyrri gestir hafi ekki nennt að þrifa hann þar til annað kemur í ljós.
  - Fyrst og fremst að þið látið gera við eða endurnýja rúmfatnað = sængurver eru galopin svo sængur tolla illa í þeim, af þeim 3 lökum sem við fengum voru 2 götótt og rifin. Illa sést í sjónvarpi. Enginn aðgangur að þvottavél - okkur a.m.k. Ekki kynnt það. Höfum verið í húsum þar sem hafa ýmist verið þvottavélar í eða hægt að leigja aðgang í þjónustumiðstöð. Þetta veldur óþarflega miklum fatnaðarfarangri.
  - Fætur á borðstofuforði lausar, þarf að herða skúfur! Ekki spurning um skyldu leigjenda til að greiðs fyrir ræstingu, þá getur ræstingafólkið líka fylgst með, ef það þurfi smá lagfæringar hist og hér, áður en það verður stórviðgerðir og jafnframt ná í hnakkadrambið á þessum "veggjakrotara".
  - Gasgrill í húsið og vöflujárn.
  - Gasgrill í staðinn fyrir kolagrillin
  - Gasgrill í öll hús, bakaraofn + uppbvottavél í öll hús, fólk fer í frí til að slappa af ekki til að vaska upp!
  - Geri ath. send við útfærslu nýútkominnar umsóknar fyrir sumarið - er óskynsamlega takmörkuð. Betra væri ef hægt væri að setja inn ákv. tímabil og síðan óskaviku - þó allar vikur tímabilsins kæmu til greina. Sama gæti átt við um staði.
  - Gott ef væru þvottagrind (leiðinlegt að setja á stög) og vaskafat.
  - Gott er að hafa pott en gæta þarf að hann sé hreinn, að hægt sé að tæma hann og fylla ef óskað er eftir því. Okkar var skítugur, síur fullar af hári og slími en samt átti að hafa verið skipt um þær 4 dögum áður.
  - Gott væri að hafa litla ryksugu í Munaðarhúsunum. Rétt hitastig í pottunum og fylgjast betur með tölu eldhúsáhalda miðað við stærð húsa.
  - Gott væri að hafa gasgrill.
  - Gott væri ef ákveðnir bústaðir væru reyklusir.
  - Grillin eru orðin mjög lúin, þau mættu endurnýja, og vöflujárn í alla bústaði.
  - Gömlu kolagrillin eru orðin ákaflega lúin, eru nokkuð gasgrill í sjónmáli?
  - Gönguleið til Glanna mjög illa merkt - stikurnar voru farnar á mörgum stöðum. Leiktækjum illa dreift t.d. Fyrir þá sem eru lengst í burtu frá þjónustuhúsinu. Margt ábótavant í eldhúsi af smáhlutum en ekki tækjum. Kojur allt of stuttar, .t.d fyrir þá



sem eru hærri en 185 cm. og hærri. Vatnskraftur í sturtu er enginn! Fólk með sitt háf geta vart skolað úr því. Endurnýja má grillin.

- Haldið áfram að leggja upp í Munaðarnesi s.s. gönguleiðir og fl. og bara að endurnýja tæki og tól í bústöðunum.
- Hef oft nýtt mér bústað. Hef alltaf komið ánægð heim.
- Hef verið á Eiðum áður og á báðum stöðum fannst mér vanta búsáhöld og með rúmföt. Við sem þurfum að keyra langa leið finnst betra að þurfa ekki að keyra með rúmfötin um 1/2 langið, það tekur ótrúlega mikið pláss.
- Heiti potturinn hélt vatninu varla nógu heitu.
- Heiti potturinn mikil framför.
- Heiti potturinn var of kaldur - hitastillirinn virkaði ekki. Allir búrhniðar bitlausir, gott væri að hafa sigti í eldhúsinu.
- Heiti potturinn var vægast sagt viðbjóður! Líkamsfita og önnur óhreinindi. Hitastýritæki í sturtu vantar nauðsynlega. Sólpallur við þetta hús (nr.4) nýtist illa. Stór tré skyggja á. Gátum illa notið sólar eftir kl. 15 á daginn.
- Heyrist alltof hátt í hitaveitunni. Fuglarnir njóta sín ekki.
- Hér mætti vera dvd spilari, ath. Mætti með fleiri útljóð. Annars var dvölin mjög góð.
- Hér vantar vöflujárn
- Hér var aðeins það allra nauðsynlegasta, þó vantaði dósaupptakara og annað smávægilegt. Verst var með bakaraofn, því líkur viðbjóður og útigriðið auj. Þurftum að renna í Borgarnes og kaupa ferðagasgrill, því annað var ekki mönnum bjóðandi en staðsetningin er mjög góð. Mátulega langt frá Rvík, þrátt fyrir allar þessar kvartanir leið okkur vel, þrifum reyndar í heilan dag, kveiktum á ertum og þjuggum okkur til okkar eigin notalegheit. Potturinn var mjög góður og þjónusta til fyrirmyndar.
- Hitastig í potti. Eldavél ekki góð. Mætti vera gasgrill, örbylgjuofn, örbylgjulofnet fyrir stöð tvö. Betri dýnur í rúminu.
- Hjónarúm í 2 svefnherbergjum og uppþvottavél.
- Hlutum er ekki nógu vel við haldið og lélegur leikvöllur. Heitur pottur mjög góður.
- Hnífar margir en bitlausir! (hús nr. 39) Vantar potta, pönnukökuníf. Vantar stórt trébretti.
- Huga þarf að klóaklykt.
- Hús 65. Fúkkalykt frá baðherbergi.
- Hús LSS er til fyrirmyndar í Munaðarnesi
- Húsbúnaði er mjög ábótavant! Lökin sum rifin og æskilegra væri að hafa teygjulök. Nóttin endar lakalaus. Eldhúsið er mjög lítið, auk þess sem sófasetið er versta sófasett sem ég hef setið í. 90° horn og sleip.
- Húsið orðið þreytt og einnig húsmunir. Göt í gólfum og fúkkalykt frá baði. Mætti einnig laga göngustíg að bústaðnum, (erfitt fyrir eldra fólk að fóta sig).
- Húsin eru gömul og þreytt, það þarf að rífa þau og byggja ný! Það eru nýir tímar.
- Húsin eru mjög lúin, rúm léleg, betra að hafa tvö góð herbergi fen 3 léleg. Vantar betri eldhúsáhöld, ísskápur of lítill, vantar örbylgjuofn og afþreyingar efni, t.d. Bækur, spil, púsl.
- Hvítleiðar flygsur í heitapotti. Virðast koma úr rörum pottsins og þrif skipta þar engu máli. Kort með gönguleiðum og upplýsingum um Borgarfjarðarháerað (afþreyingu) væru vel þegar.
- Höfum margoft átt ágætisdvöl í st.fél. R. borgar. Aðstaðan hefur farið batnandi, en alltaf má betur gera.

- Ísskápur allt of lítill, bílapvottaplan illa við haldið.
- Ísskápur kælir ekki nógu vel og er of lítill. Væri gott að hafa annars stærri t.d. Úti í skúr. Eitt teygjulak á hjónarúm má alveg endurnýja eða bæta við húsbúnað. T.d. Eldfast mót, fleiri teg. Af glösum, betri hnífa t.d. Steikarhnífa.
- Ísskápur mætti vera stærri og grillin mættu nauðsynlega vera gasgrill, ekki kolagrill.
- Já þessir hornsófar eiga heima á ruslahaugunum en ekki í sumarhúsum. Það er lífsins ómögulegt að sitja í honum eins vantar örbylgjuofn, útvarp, video/dvd eins þarf að bæta verulega eldhús áhöld svo sem hitabrusa, hnífapör, hnífa og fleira slíkt. Eins mætti kaupa heildarþrif á húsið einu sinni á ári.
- Já, mér fyndist mjög gott ef það væri hægt að keyra upp að húsunum þegar fólk kemur og fer að dvöl lokinni og þurfi ekki að bera farangur langa leið.
- Já, tré við austurhlíð hússins, það er ferlegt að þau skuli skyggja á þetta fagra útsýni yfir sveitina. Það þarf að lækka þau eða fjarlægja. Skipta út þessu fornaldar kolagrilli.
- Já, það mætti fara laga ýmislegt í þessu húsi. T.d. Sturtuna/bað sem festir sturtuhausinn, það mætti líka fara að skipta húsgögnunum í ný, svalahurðin það er mjög erfitt að loka og læsa.
- Kalda vatnið er ódrykkjarhæft, mikill leir í því, þannig að heiti potturinn er alltaf skítugur.
- Kalt vatn mjög óhreint, nánast ódrekkanlegt. Þyrfti útiljós við suðurenda húss og við heitapottinn. Var í húsi nr. 37. Algjört myrkur vestur fyrir húshorn þegar gengið er að húsinu. Húsnúmer einnig illa staðsett.
- Kojur of litlar og harðar, hnífar mættu vera í betra ástandi sem og steikarapanna. Annað mjög fínt.
- Kom á staðinn á föstudaginn langa og fór fyrir hádegi á páskadag. Lét staðarhaldara vita af heita pottinum á laugardegi. Hann bauðst strax til að kalla út mann en mér fannst það ekki taka því. Reykskynjari í svefnherbergi lét ófriðlega, var með stöðugt píp og tók ég rafhlöðuna úr honum á meðan dvölinni stóð. Annars fer ég almennt ekki í sumarbústaði til að leita að göllum, það er nóg annað a gera, t.d. leita að sjálfum sér og eigin margvíslegu göllum. En sem sagt, húsið sem ég var í annálaður gallagripur þannig að ekkert kom á óvart.
- Kominn tími til að færa bústaðinn skrefi nær nútímanum, vantar kósy heit pre excelance. Nýjar gardínur, kannski 2 púða og ný teppi í stofuna. Einn lampi með dimmer í stofuna myndi bjarga ýmsu. Einnig má nefna að hjónarúmið er ekki fyrir samrýmd hjón því að liðast í sundur.
- Konan mín var með mér og tók þátt í svörum.
- Lagfæra þarf aðgengi að húsum.
- Lagfæring á snyrtingu er góð, komin góð eldavél, mætti gera sólpall skjólmeiri. Annars ekki yfir neinu að kvarta.
- Lausar gardínustangir og höldur á skápum er auðvelt að laga og því ætti að huga að þessum litlu atriðum til að gera bústaðinn meira aðlaðandi.
- Leikföng handa börnunum t.d. Tennis, badminton, nýjar golfkúlur, hlýjar dýnur í kojur, bera á timbur inni í bústöðum og á verönd. Nýja sólstóla, dvd spilara við sjónvarp. Örbylgjuofn sem mæti kannski vera fyrir ofan vaskinn. Það eru flísar á eldhúsborði, þarf að laga, vantar nauðsynlega fleiri hnífapör.
- Leiktæki á milli húsa ónýtt og hættuleg börnum. Merkingar á húsum hættar að sjást vegna gróðurs. Ættu að vera leiðbeiningar á bílastæði t.d. Göngustígar í efri húsin mættu vera betri, töluvert bratt frá bílastæði. Erfitt fyrir eldra fólk að komast

- þar upp, ekkert til að halda sér í.
- Leiktækin á vellinum brotin og biluð, stórhættulegt og mjög skrítið að ekki skuli vera lagað.
  - Lélegt eldhús aðstaða vantar mikið af áhöldum.
  - Lélegur borðbúnaður, brotið upp úr könnum, bitlausir hnífar, ónýtt grill.
  - Lokið á heitapottinum er of þungt fyrir fullorðið fólk. Þarf að gagna báðum megin við rúmið fyrir fullorðið fólk. Takk fyrir okkur.
  - Margt sem má endurnýja og laga. Væri til í að koma aftur en ekki í sama bústað. Vantar ýmislegt smálegt í eldhús. Laga pottinn. Fá betri dýnur.
  - Má bæta leikjasalinn í þjónustuhúsinu, vantaði í sumt sem var þarna.
  - Má laga mínigolf
  - Má vera örbylgjuofn, geislaspilari, nettenging, legubekkur úti, stærri ísskáp.
  - Með því að keypt verði út þrif er öruggt að maður komi að bústaðnum hreinum.
  - Meiri áhöld betri potta og betri eldavél, grilláhöld.
  - Mér finnst húsin alltof dýr (leigan) miðað við önnur félagshús sem eru miklu huggulegri og haldið betur við. Eins er leiðinlegt að það er yfirleitt of fá hnífapör og leirtau ef fólk fær gesti.
  - Mér finnst meira áriðandi að hafa örbylgjuofn í húsunum en sjónvarp!
  - Mér finnst Munaðarnes vera orðið frekar þreytt. Mikið sem þarf að laga, pottar t.d. Húsin mætti vera meiri uppákomur um helgar t.d. Varðeldur. Staðsetning er samt mjög falleg.
  - Mér finnst nýja innréttingin sem nú er verið að setja upp í litlu húsunum ekki nógu sumarbústaðaleg. Ég myndi frekar vilja að húsin yrðu gerð upp í upprunalegri mynd (þó það væri dýrari kostur og myndi hækka leiguna.) Menningarhátíð er frábær og algerlega ómissandi.
  - Mér finnst staðurinn skemmtilegur og góð staðsetning til að fara í margar áttir, en húsið var ekki í góðu ásíðkomulagi.
  - Mér finnst vanta leiktæki fyrir efri bústaðina og líka möguleika að keyra á bílum að bústaðnum til að taka dótið út.
  - Mér finnst vanta verslunina sem var þarna með áður fyrr, það var mjög þægilegt að þurfa ekki að fara útaf svæðinu að ná sér í mjólk og brauð o.fl. nauðsynjar.
  - Mikið rennslisljóð eða hávaði í hitakerfi. Mætti vera vídeó eða DVD spilari í húsinu.
  - Minna fólk á að þrifa eldavél, ofn og grill.
  - Mínir gestir notuðu leikvöll.
  - Mínigolfið mætti vera fjölbreyttara. Númer bústaðanna þyrftu að sjást frá veginum. Viðhald bústaðanna mætti vera betra, merkja bílastæði.
  - Mjög ánægð, en leikvöllur fyrir efra svæði mættu vera betri og gardínur í svefnherbergi. Mætti loka meira fyrir birtuna.
  - Mjög gott
  - Mjög mikilvægt að hús séu í góðu ástandi þegar komið er. Hurðir og þrif í lagi og viðhald. Fara þarf yfir rúmfatnað.
  - Mjög ruslaralegt kringum verkstæði þjónustuhúss. Þyrfti einnig að huga frekar að viðhaldi orlofshúsa eða jafnvel endurnýjun.
  - Móðir félagi í BSRB - lífeyrisþegi er með í för.

- Móttaka gesta hefur drabbast niður, ruslaraleg og óaðlaðandi. Rúmföt í slæmu standi, lök götótt og sængurföt botnlaus. Var hér í síðastliðið sumar, og tók þá fáa það sem var ónýtt og benti starfsmanni á það en hann setti allt saman í hrúgu. Yfirbragð í matsal ekki spennandi og vond lykt sem tekur við gestum í innkomu salarins. Staðurinn myndi lifna við ef stjórnendur staðarins sæju sóma sinn í að sinna starfinu og laga til í kringum sig. Áhaldahús í forgrunni þyrfti að laga til umhverfisins.
- Munaðarnes þarfnast upplyftingar.
- Mætti alveg endurnýja aðeins í bústöðunum og hafa t.d. Pottinn í lagi, þannig að fólk geti stillt hitann.
- Mætti bæta eldhússtólana, vantar aðstöðu til að þrifa grill.
- Mætti bæta leiksvæði betur og hafa sófa í húsinu sem passar betur við.
- Mætti bæta rúmin. Handónýtt rúm. Vantar gasgrill, örbylgjuofn.
- Mætti bæta við litlum skáp í hjónaherbergi. Gasgrill. Sessur á eldhússtóla.
- Mætti bæta viðhald á sólpöllum. T.d. Grindverk.
- Mætti bæta þrif við vinnusvæði - aðstöðu þeirra sem sjá um viðhald og þrifa þvottta aðstöðu bíla og gera huggulegra fyrir augað - kústar og þrifa ónýtar spýtur og dót og fjarlægja vélar sem eru ónýtar. Annars gott að vera í munaðarnesi.
- Mætti fara að endurnýja eitthvað innanhúss t.d. Dýnur og stóla.
- Mætti fara að endurnýja hjónarúm. Heiti potturinn ekki nothæfur, vegna gróðurs og slý í vatninu algert ógeð.
- Mætti lappa upp á bústaðinn innandyra.
- Mætti merkja betur gönguleiðir.
- Mætti setja ljós úti sem lýsir að potti - eldfast form + vöflujárn væri gott að hafa hér. Bastgardínur á baðherbergi gera lítið gagn - sést allt í gegn.
- Mætti skipta út koddum og sængum, kaupa gasgrill, sólbekki og sessur í sólstóla. Hitastillir fyrir heita pottinn ekki nógu góður stillir. Vantar skjólvegg á pallinn til að geta verið í sólbaði.
- Mætti skoða hvort ekki sé hægt að minnka hávaða sem fylgir heitavatns (potta)kerfinu. Maður er hættur að heyra fuglasöng þegar maður leggst upp í rúm á kvöldin. (í Svignaskarði verður maður ekki var við nein hljóð)
- Mætti vera aðgengilegra að komast að bústaðnum með barnavagn og eins fyrir eldra fólk.
- Mætti vera gestabók og kaffibrúsi (hús nr. 11 munaðarnesi)
- Mætti vera leiktæki fyrir börn við hverja húsþyrpingu og mætti vera styttra í sopp.
- Mætti vera meiri kraftur í sturtrennslin. Eldhús mætti vera stærra eða aðstaða. Mætti nauðsynlega var útiljós á verönd og hjá pottinum. Mætti líka vera örbylgjuofn.
- Mætti vera örbylgjuofn.
- Mætti vera örliði meira af borðklútum og viskastykkjum.
- Nr. 1,2,3 það vantar garðslöngu til að smúla pottinn í staðinn fyrir að nota litla skál. Sérstaklega þar sem maður oft að tæma pottinn og skola út af ógeðslegu grænu slími + slæmt að geta ekki lækkað hita í potti fyrir börn, náðum honum aldrei niður fyrir 40° nema að slökkva á rafmagni í töflu.
- Nýju pallarnir og skjólveggirnir eru illa smíðaðir en þurfa samt viðhald (læra á því)

- Of mikill hávaði í dælubúnaði í potti.
- Pottarnir blasa hvorn á annan. Það mætti hækka. Bústaðirnir eru allt of nálágt hvor öðrum nr. 6,7,8 en annars er mjög fínt hérna.
- Pottur þótti vera helst of heitur og gæti verið gott að lækka hitann niður í ca 31° sem valkost.
- Potturinn bilaði síðustu dagana fengum ekki viðgerð (vorum ekki sótt)
- Potturinn var ekki í lagi, var allan tímann of heitur. Auk þess var hann ekki þrífinn.
- Pottur of heitur, sýnir 39°C en er heitari miðað við potta 39° og 40° í laugunum. Hámark hægtað vera 10-15 mín í potti í einu.
- Rólan sem er við bústað 34 er ekki mjög örugg fyrri börn. Það er laus festing öðru megin. Það mætti bæta við fleiri litlum pottum og stólum (kollum) í húsið. Það voru einungis stólar fyrir 7 manns - mættu vera 8.
- Ruslafata á það. Betri lýsing í stofu, lesljós í hjónaherbergi mættu vera betri.
- Rúmdýnur í kojum eru mjög lélegar. Baðherbergi orðið lélegt, þarfnast endurnýjunar. Þyrfti að vera tvíbreið koja í öðru herberginu.
- Rúmin eru hálf ónýt. Það brakar svakalega í þeim. Hjónarúm vantar líka.
- Rúmin mjög góð, nýjar dýnur voru í húsinu, en sturtuaðstaðan ekki góð! Takk samt.
- Ræsting er mikilvæg. Þar sem ekki ræsta allir aðilar vel, sem sagt aðkeypt ræsting.
- Sjálfhreinsandi kerfi í pottum virðist ekki virka sem skyldi, þarf að skipta um vatn sem tekur 5-6 klukkustundir og skemmir dvölinu.
- Sjónvarpsstöðvar mættu vera fleiri, einnig mætti fjárfesta í örbylgjuofni, annars er þetta allt í fínasta lagi.
- Skipta út kolagrillum í gasgrill. Leyfa gæludýr á svæðinu.
- Slæmt aðgengi fyrir hreyfihamlaða af mörgum húsum. Þurftum að aka bílnum þó nokkra leið eftir grasbrekku við litla gleði umsjónarmanns en hann sýndi þó skilning.
- Sófi í orlofshúsi ekki til að auka þægindi, eins og vantar í húsin áhöld svo hægt sé að þrifa almennilega eftir sig.
- Staðarhaldari í Munaðarnesi mætti vera dálítið kurteisari.
- Staðsetning ljósa í einu svefnherbergi er ónothæf. Húsið var leigt með svefnaðstöðu fyrir 8 en hér er aðstaða fyrir 6 + aukadýna. Stólar við borðstofuborðið aðeins (7) 6 borðstofubollar í eldhússkáp eru aðein 7. Við lýsum óánægju með að búið er að loka ágætu tjaldstæði sem var hér á svæðinu en þar ætlaði hluti af hópnum að vera þar sem húsið rúmar tæpast 8 fullorðna.
- Stoppaði bara eina nótt í tengslum við ráðstefnu á Bifröst. Potturinn var toppurinn.
- Sturtan er algjörlega kraftlaus, þarf að laga hana.
- Sturtan er með lítinn sem engan kraft, nýtt grill, gasgrill, uppþvottavél, mætti laga sófann, væri gaman ef fjölskylduspil væru hérna. P.s. Klósettsetan er brotin.
- Stærri ísskáp, þægilegri sófa. Gera WC huggulegra.
- Stærri kæliskápa.
- Sumstaðar mættu vera betri rúm, breiðari og betri dýnur. Gott að hafa heita potta og snyrtilegt úti sem inni. Annars gott.
- Svolfítill óhreinindi í heitum potti við komuna. Lítið rennsli á heitu vatni í sturtunni.
- Svona fyrir utan það að þurfa að þrifa allt aftur, þá var dvölin mjög ánægjuleg.
- Takk fyrir okkur.

- Takk kærlega fyrir okkur.
- Tjaldstæði sem er til staðar þarf að vera opið fyrir félagsmenn. Vantar litla búð á staðinn. En helst af öllu betri rúm. Kojurnar eru of stuttar fyrir fullorðið fólk og unglinga. Tæki; uppþvottavél og gasgrill. Hnífapör fyrir kjöt.
- Tölvustýring á pottunum er alveg óþolandi, ef heitt er í veðri, er ekki hægt að lækka hitastigið nema skrúfa fyrir inntakið og hafa pottinn opinn til að kæla hann niður, enn þá verður vatnið mjög óhreint, þar sem ekkert gegnumstreymi er í pottunum.
- Umhirða á grasi mætti vera betri.
- Umhverfið ómetanlegt. Er með stóra fjölskyldu - uppkomin börn og fjölskyldur. Frábært að fá rúmföt á staðnum og ekki væri verra að fá þrif keypt út - dálítið mál að ganga frá með smáfólk á ýmsum aldri sem þarf að sofa á heimleið osfrv.
- Umsjónarmaður einstaklega almennilegur og vildi allt fyrir okkur gera.
- Upplýsingarnar um orlofshúsið á heimasíðu FOSS eru afleitar. Teikning af bústað sýnir að 8 manns geti gist og í húsinu séu 3 kojur (6 svefnpláss) + hjónarúm en öðru nær. Þá er ein koya og 1 hjónarúm og 1 1/2 breidd á rúmi 6 manns sem geta gist. Er með 5 börn og vont að fá rangar upplýsingar. Talað er um kolagrill (farið í búðina og keypt kol og olíu, svo þegar hingað er komið er gasgrill. einfalt að vera með réttar upplýsingar á heimasíðu. Vont að geta ekki tjaldað hjá bústaðnum fyrir börnin - stór mínus.
- Vantaði uppá húsbúnaðar áhöld í eldhúsi, niður niðdur sandkassi fyrir utan bústað.
- Vantar - handþeytara, skálar, desert skálar og stærri skálar t.d. f. pönnukökudeigið og vöflujárn. Eldfast mót.
- Vantar alveg örbylgjuofn. Það mætti líka vera DVD tæki á staðnum. Það vantar alveg gestabók.
- Vantar betri skjólveggi og gasgrill.
- Vantar gardínur hjá neðri kojum. Þyrfti að bera á pallinn 2 gestir gengu í sig flís.
- Vantar geymslu fyrir eldhúsgögn. Engin aðstaða til að þrifa þau.
- Vantar grill og eldhúsáhöld. T.d. stórar könnur til að drekka úr. Áhöld til að þrifa með, t.d. gúmmihanska og fleiri moppur, rykmoppur (mikró). Hiti á potti alltof mikill. Reyndum að lækka en innstreymi alltaf 45-50°C.
- Vantar íbúðir í Reykjavík eða nágrenni.
- vantar meira fyrir börn s.s. Plast diska, glös og hnífapör. Að barnastóll sé í húsi, mætti bera á við og aðgangur að húsi mætti vera betri s.s. Hægt að keyra að húsi með dót og göngustígur upp að húsi mætti vera , minni steinar, stór grjót og illa hægt að keyra barnakerruna nema þá í grasinu.
- Vantar mikið af áhöldum, margt ónýtt - panna og hraðsuðukanna. Þarf að yfirfara betur hvað er í húsunum.
- Vantar ruslatunnu í bústaðinn (nr45) í eldhús. Hillu í sturtu undir sjampó og slíkt. Útvarpstæki með geislaspilara.
- Vantar sjúkrarúm með lyftu og sturtustól á hjólum í sumarbústað nr. 10 í Munaðarnesi.
- Vantar stærri fót undir grillaða lærið. Henda þessu sófa út. Það er ekki fyrir bakaumingja að sitja í honum. Hús nr. 39
- Vantar upp á mjólkurglösín/ glerglös - fanta. Hitastilling á heita potti mætti fara neðar (t.d. 36°) svo krakkar endist lengur þar, full heitt 39° fyrir þau.
- Vantar örbylgjuofn, DVD spilara, uppþvottavél.
- Vantar örbylgjuofn, snúrur til að hengja upp, klakabox í frystirinn til að búa til klaka.



- Helst uppvottavél, þar sem maður er í fríi og nennir ekki að vaska upp.
- Vantar örbylgjuofn.
  - Vantar örbylgjuofn.
  - Var bara 1 nótt með hóp kvenna sem voru á ráðstefnu í Bifröst. Ef þetta hefði verið fjölskylduferð hefðu svörin verið önnur.
  - Var þar utan hefðbundins orlofstíma.
  - Vatnið mætti vera hreinna í pottum.
  - Veröndin og potturinn eru frábær og reynt var að gera gott úr hlutunum hér.
  - Við hjónin erum búin að vera mjög oft hér og okkur líkar alltaf jafn vel, enda staðurinn og allt umhverfið yndislegt. Takk fyrir.
  - Viðhald mætti vera meira.
  - Vildi geta keypt ræstingu vegna fötlunar. Á erfitt með að ræsta húsið.
  - Vorum ánægð með svæðið en það setti dálítið strik í reikninginn hvað húsið var skítugt. Einnig var mikið um hundahald. (eru gæludýr ekki bönnuð!)
  - Yndislegur staður, umhverfi og starfsfólk, en kominn tími á ýmislegt í húsinu. Það er svolítið barns síns tíma. T.d. Rúm, gardínur og fl.
  - Það að athuga með barnarúm. Var brotið í húsinu hjá okkur nr. 80. Og það mætti setja útiljós við heita pottinn.
  - Það er alveg skelfilegt að hafa ekki bönd á rúmfötunum til að binda fyrir sængina, stór galli. Svo er engin gestabók. Svo er alveg skelfilega hræðilegt að hafa ekki almennilegt hjónarúm, það er eiginlega ekki hægt að bjóða fólki upp á 2 90x200 rúm sem er ýtt saman og eru þ.a.l. á hjólum, eiginlega hálf asnalegt! Þetta varð til þess að við sváfum eiginlega hálf illa og ekki góð aðstaða fyrir lítil börn sem finnst gott að skríða upp í til pabba og mömmu. En hér er samt gott að vera þrátt fyrir þennan STÓRA galla.
  - Það er frábært að hafa aðgang að orlofshúsum BSRB. Takk fyrir mig.
  - Það er frumskilyrði í svona húsum að rúmin séu góð.
  - Það er gott að komast úr bænum í sveitina og hafa það gott með fjölskyldunni. Takk fyrir.
  - Það er nauðsynlegt að yfirfara allan borðbúnaðinn í eldhúsinu, honum er mjög ábótavant, t.d. Upptakari ónýtur og endurnýja allt í eldhúsinu í einum pakka, Góða ferð í rúmfatalagerinn og IKEA.
  - Það fer náttúrulega eftir heilsu gesta hvort þeir þurfi aðstoð eða geta þrifið sjálfir. Það þarf að vera í boði að geta keypt ræstingu fyrir 65 ára og eldri sem kæmu.
  - Það mætti alveg íhuga það að fá DVD spilara í húsin.
  - Það mætti bæta áhaldaval í eldhúskrók og hafa ísskáp stærri og kannski hafa gasgrill og stór eldföst mót. Annars var dvölin þokkalega góð. Fylgjast má betur með að pottar skoli sig betur.
  - Það mætti endurnýja leirtau og kjöthnífa og stærri ísskáp fyrir stóru húsin.
  - Það mætti hafa limgerði milli húss vegna nálægðar, þ.e. Meira einkalíf
  - Það mætti hressa upp á þennan bústað sem ég var í. Hann er ansi lúinn finnst mér. Sturtu mætti laga líka.
  - Það mætti kannski fara aðeins fyrir eldhúsáhöldin kannski bæta steikarhnífspörum við.
  - Það mætti laga merkingar svo fólk rati á staðinn, svo og aðgengi að húsunum.
  - Það mætti vera hægt að lækka hitastigið í pottinum meina en 39°.
  - Það mætti vera meiri afþreying fyrir börn í bústaðnum.

- Það mætti vera útvarp /geislaspilara og kannski einnig DVD spilari
- Það sem mér fannst vanta eru betri rúm, einnig annað hjónarúm, (ef tvenn hjón eru í húsinu saman)
- Það sem vantar í öll litlu húsin hér í Munaðarnesi er örbylgjuofn og meira magn af spilum.
- Það sést í gegnum baðherbergisgluggatjöldin.
- Það vantar DVD, örbylgjuofn, einnig betri húsgögn á pallinn - borðið ónýtt + það vantar legubekk / sólbekk. Uppþvottavél er stór kostur þar sem margir vaska illa upp í lok dvalar.
- Það vantar gasgrill við húsin
- Það vantar gönguleiðir í kringum svæðið, allavega að setja upp skilti sem sýnir leið niður að Norðurá. Gott að geta fengið barnarúm og stól.
- Það vantar lýsingu úti við pollinn.
- Það vantar snúrur og klemmur til að þurrka handklæði og fleira. Mætti vera fleiri hnifapör ef einhver gestur kemur í mat.
- Það var ákaflega gott að vera í orlofshúsinu. Svona staður þarf að vera í sífelldri endurnýjun, ekki gleyma leiksvæðum.
- Það var mjög rólegt og gott að dvelja í Munaðarnesi
- Það verður að laga ýmislegt (sjá að framan) sem er orðið þreytt.
- Það væri ágætt að hafa góða hillu með snögum undir í hjónherbergi svo hægt væri að hengja upp föt.
- Það þarf að taka grillin í gegn, vantaði snaga í eldhús til að hengja þurrkur.
- Það þarf að vera hægt að stilla heita pottinn á lægri hita en 39°C t.d. niður í 36°C. Mætti vera hlið til að loka pallinum svo að börn detti ekki niður tröppurnar.
- Það þyrfti að leyfa gæludýr í fleiri húsum. Jafnvel hafa orfá þar sem það er óheimilt. Ofnæmi er mjög sjaldgæft, en heimilisdýr eru orðin mjög algeng. Og hætta á að þessi regla sé brotin ef hún er áfram svona.
- Það ætti að vera hægt að lækka pott í 37° á hitastilli.
- Þakka kærlega fyrir góða aðstöðu.
- Þakka kærlega fyrir góða dvöl. Þetta er ágæt tilbreyting. Dvaldi í húsinu part úr degi. Dóttir mín var í húsinu í nokkra daga með son sinn og síðan bróðir hennar (sonur minn)
- Þakka kærlega fyrir mig
- Þakkir fyrir að hafa fengið að dvelja hér - enn einu sinni!
- Þarf að bæta afþreyingarmöguleikana
- Þetta hús var barn síns tíma, orðið lúið að innan, t.d. Kojurnar varasamar og aðstaða og eldhúsáhöld frekar fátæklegt.
- Þetta var í fyrsta skipti sem ég hef komið í óhreint sumarhús.
- Þjónustumiðstöðin hefði þurft að vera opin eitthvað um páskana t.d. Laugardag, sunnudag.
- Þríf á húsinu öllu á að framkvæma af starfsmanni svo tryggt sé að leigutaki komi ávallt að öllu í fullkomnu lagi. Gjald fyrir þriffin á að vera inni í leigugjaldi.
- Þyrfti að skipta út blöndunartækjum í sturtunum og setja hitastýrð svo enginn brenni sig. Þyrfti að setja síu fyrir vatnið sem kemur í pottana svo brúna slíið /óhreinindin nái ekki í pottana. Hér vantar líka alveg klórtöflur fyrir pottinn þó svo að það standi á pappírnum að þær séu til staðar. Ég hef komið á þetta svæði áður og þá voru heldur ekki klórtöflur svo ég keypti núna fyrir þessa ferð og kom með sjálf. Eitt af börnunum mínum hefur farið í potta hjá 2 öðrum á svæðinu, sem eru



ekki með kortöflur og er u komin með roðaútbrot á líkamann. Það vantar líka slöngu að pottinum og langan hreinsikúst svo þægilegt sé að þrifa hann.

- Þægilegt væri að hafa stærri ísskáp
- Þökkum fyrir okkur.
- Öll þjónusta á staðnum og skrifstofu var mjög góð.

### Stóruskógar:

- Aðgengi að húsinu er mjög slæmt (hús nr 7) Fatlaðir útilokaðir. Bækur í bókaskáp mætti endurnýja. Vantar afþreyingu fyrir börn, bæði inni og úti. Teppi merkt BSRB þarf að taka og geyma sem minjagrip. Þetta er ekki grín.
- Aðgengið að bústaðnum er ekki nógu gott og vegurinn af þjóðveginum er ekki mönnum bjóðandi.
- Beint fyrir framan bústaðinn var ruslagámur. Fyrir utan vonda lykt og sjónmengun var erfitt að láta börn leika f. Utan bústað vegna bílaumferðar. Ég var mjög ósátt með bústað og umhverfi.
- Er búin að fá einu sinni hús sumarið 2006 og sótti um 2007, fékk nei, búin að vinna 20 ár hjá ríkinu.
- Ég var í húsi nr.7 í Stóruskógum. Það er of langt fyrir mig að bera nestið því ég er 65% öryrki
- Gallar við bústað: erfitt að ná stöðugu hitastigi á heitan pott, þ.e. hann er ýmist of heitur eða of kaldur + vantar gardínur í efri glugga í svefnherbergi - mjög bjart í herbergjum í næturbirtunni.
- Galli á húsunum í stóruskógum að ekki sé hægt að festa rúm saman í hjónarúm. Vildi sjá Stóruskóga án of mikillar afþreyingarmöguleika sem mótvægi við Munaðarnes.
- Gasgrill og uppþvottavél væri vel þegið.
- Gólfistar á baðgólf er stórhættulegt
- Hegði ekki tekið húsið á leigu ef ég hefði vitað að til stæðu framkvæmdir við húsið með tilheyrandi skurðgröfu og látum.... Mjög lítið rennsli á vatni - varla hægt að nota sturtuna.
- Huga betur að gönguleiðum. Merkja og laga.
- Húsin eru löngu komin á aldur og þyrfti að skipta mörgum út fyrir ný.
- Húsin, aðbúnaður, pottur og öll þjónusta er til fyrirmyndar. Viðmót starfsfólks er mjög gott og umhverfi er frábært.
- Laga þarf skjól við heitapottinn, opinn fyrir öllum út á götu.
- Leiksvæði fyrir börnin er alveg hræðilegt hérna á Stóruskógum. Þarf að vera eins og er í Munaðarnesi.
- Leiktæki í niðurníðslu - rólur - uppistöður að mörkum niður - sandkassi ???? - Ekki boðlegt.
- Léleg þjónusta! Fólkið býið að vera of lengi - halda orðið að þau eigi staðinn og framkoma samkvæmt því. (hroki og dónaskapur)
- Má huga að endurbótum á leiktækjum fyrir börn.
- Með ánægju að loksins hlífðarlök á dýnum.
- Mikið af brúnu síli sem kemur í heita pottinn, vantar sigti svo vatnið sé hreinna.
- Mjög gott að hafa heitan pott - þyrfti að vera á fleiri stöðum.
- Mjög gott að vera hér.
- mætti endurnýja hluti, t.d. Potta, grill, dýnur, vantar hjónarúm. Læsing á pottloki, gerir ekkert gagn.

- Mætti loka veröndum betur - lítill kraftur í vatni í sturtu.
- Mætti vera dekkri gluggatjöld f. Herbergjum, erfitt að sofa fyrir birtu.
- Mætti vera stærri ísskápur með stærra frystihólfi. Vantar grilláhöld. Net í fótbolta-mörkum rifin, rólur ryðgaðar. Væri magnað að hafa gasgrill. Dýnur í kojum vondar. Barnarúm hættulegt, botninn datt úr því. Það þarf að poppa þetta allt upp.
- Okkur finnst mikið að fólk ætti að skrifa smávegið í gestabókina, allavega nöfn húsráðenda og gesta og hún sé vel varðveitt á staðnum.
- Skáapláss í eldhúsi mætti vera meira, gott væri að hafa teygjulök, bústaðurinn var snyrtilegur nema potturinn sem hætt var við að nota aftur, þ.s. Hann var ekki nefnilega hreinn! Það vantaði eldfast mót og annað bretti.
- Standlampi mundi hressa upp á stofuna eða veggjós. Ruslagámur er stór + gardínur eða eitthvað fyrir gluggana á barnaherbergi væri stór +
- Svar 13. fyrir sanngjarnt verð. Svar 10: vorum bara í helgardvöl og vorum í viku í fyrra í Munaðarnesi og nýttum þá leikvöllinn meir.
- Svar við 12 og 13 færi eftir því hvað það kostaði að leigja og nýta sér þessa þjónustu.
- Söknuðum að hafa ekki almennilegt leiksvæði á Stóruskógum. Ekki er nógu alvarlega farið eftir gæludýrabanni. Sáum bæði hunda og ketti á svæðinu. Fengum kött inn í bústaðinn.
- Takk fyrir mig, ég vona að ég komist sem oftast í þessi orlofssvæði.
- Úthlutun, ástand og búnaður húsa S.T.F.S hér á landi og á Spáni er mjög gott.
- Vanta betri lýsingu á WC
- Vantar gardínur í herbergi, leikvöllur í niðurníslu.
- Vantar gasgrill og uppþvottavél
- Vantar slöngu til að geta þvegið flugnadrif af pallinum, svo og heita pottinum. Dapurlegt að sjá hversu viðhaldi hússins er ábótavant.
- Vantar tilfinnanlega leikvöll á svæðið - mikilvægt. Of mikil birta kemur úr efri gluggum í svefnherbergjum sem vekur á morgnana. Setja þarf gardínur í glugga. Pottur allt of heitur og ekki hægt að hafa volgan fyrir börn að leika. Mikil skólþlykt við rólur á opnu svæði nálægt rotþró - vantar tæmingu?
- Vantar útislöngu til að þrifa pottinn. Vegur að húsi frá þjónustuveri er torfæra.
- Veginn heim að Stóruskógum þarf endilega að laga, annað hvort að hefла hann, helst að malbika hann.
- Vegurinn frá þjóðveginum að sumarbústaðabyggðinni er algjörlega óviðunandi.
- Við hjónin erum mjög ánægð að vera í Munaðarnesi. Fyrstu árin frá 1978 fórum við einu sinni á ári en núna síðustu árin 4-5 sinnum ári, því við förum ekkert annað. Þetta er draumastaður. Og staðarhaldarinn hann Kristján, hann er einstakur maður.
- Ýmislegt smálegt mætti vera t.d. Grilláhöld, þvottagrind, grillhnífabör, ísskápur mætti vera stærri, (talað út frá stórfjölskyldu) smá ruslafata á bað.
- Það eru tvö atriði, fleiri leiktæki og lagi veginn upp að bústöðum.
- Það mætti vera örbylgju ofn og eldföst mót svo ofnskúffa, það kæmi sér vel.
- Það væri æðislegt að malbika og breikka leiðina að svæðinu. Vegurinn er leiðinda svað og fer illa með bíla. Auk þess er nánast vonlaust að mætast á honum. Ryk þyrlast yfir hverfið á þurrum dögum.
- Það þarf að endurnýja elstu húsin á Stóruskógum.
- Þetta var flott.

Eiðar:

- Aðkoman til umsjónarmanns ansi óvistleg þó hann hafi ekki verið til staðar. Aðeins ung stúlka sem lítið vissi.
- Ástandi á björgunarvestunum var mjög slappt. Það vantaði inn í stærðir og þá þeim vestum sem voru til staðar voru sumar smellur brotnar af.
- Báturinn sem átti að fylgja fannst ekki. Við gerðum ekki mikla leit, en löbbuðum þó meðfram vatninu í tvígang.
- Eiðar er frábær staður. Húsin þurfa að vera í lagi, Kojur ekki nema í einu herbergi. Pallur inn þarf að þola notkun.
- Ekki hækka leiguna. Þetta er bara mjög gott.
- Er mjög ánægð með dvölinu.
- Ég fann aldrei bátinn sem átti að fylgja.
- Frábært að skoða nágrannasveitir og byggðir sem leið liggur ekki oft um. Fjöldi styttri og lengri dagleiða. Dásamlegt landslag í þessum fjórðungi.
- Gat ekki nýtt mér húsið sem ég hafði greitt fyrir vegna þess að ég mátti ekki hafa hundinn minn með mér.
- Gott væri að hafa þvottavél í bústaðnum.
- Göngustígarnir í nágrenninu eru heldur illa merktir.
- Hef verið víða í orlofshúsum og yfirleitt fengið mjög góða þjónustu. Takk fyrir.
- Heitur pottur væri vel þeginn.
- Hús og húsbúnaður í lélegur ástandi
- Húsið illa búið í eldhúsi, vantaði leirtau, hitakönnur og fl.
- Húsið orðið lúíð.
- Í dag setur fólk fyrir sig að hafa ekki heitan pott. Við notuðum bara sundstöðina á Egilsstöðum.
- Laga útlit þjónustumiðstöðvar og að starfsfólkið láti manna hafa réttar upplýsingar. Mér finnst ekki hægt að fólk þurfi að leigja sængurföt, yfirleitt er þetta lágtekjufólk sem fer í orlofshúsin. Þið vitið hvernig launin eru. Það er mjög dýrt að fara í sumarfrí svo ekki sé aukið á kostnaðinn. Margir hafa ekki efni á sumarfríinu
- Mikið væri notalegt að setja upp heitan pott þarna.
- Mætti athuga að hafa heitan pott.
- Mætti vera meira af eldhúsahöldum, matarílátum, glösum o.frv.
- Nauðsynlegt að hafa afnot af þvottavél/purrkara eða geta keypt þá þjónustu vægu verði. Stm. Edduhótelsins var vinsaml. Að þvo fyrir okkur fög af litlu ömmubörnnum. Eins mættu vera barnastólar og barnarúm (ferðarúm) í húsunum.
- Okkur þótti húsið allt þurfa á góðri andlitslyftingu. Takk fyrir.
- Orðið allt frekar þreytt og gamalt
- Rúmdýnur mættur vera betri, + 2 hjónarúm og vantar að setja kurl í göngustíga niður að vatninu.
- Rúmföt ættu að vera inni í leiguverði. Vantar heita potta. Annars allt ljómandi gott.
- Sófi í stofu alltof fyrirferðarmikill og ekki gott að sitja í honum.
- Staðurinn er mjög fallegur.
- Takk fyrir mig.
- Vantar eldavél, örbylgjuofn.

- Vantar heitan pott á Eiðum og nýjan pall
- Var hér eingöngu yfir helgi.
- Það er ekkert viðhald á húsunum enda Eiðar langt í burtu frá Rvík. Eiðar eru mjög góður staður til skoðunarferða og útivistar um Austurland. Það mætti líka bæta svefnaðstöðu. Hún hentar ekki fullorðnu fólki nema í einu herbergi.
- Það er gott að geta leigt húsin þegar þau eru ekki upptekin af félagsmönnum. Takk fyrir mig.
- Það er mjög gott að eiga kost á að fá sumarhús leigt á sanngjörnu verði og komast um landið, njóta náttúrunnar og skoða sig um.
- Það mættu vera þægilegri sófar í stofunni.
- Það vantar gasgrill og heita pott.
- Þá daga sem við dvöldum rigndi mikið á Austfjörðum, var því lítið hægt að nota þá afþreyingarmöguleika sem í boði voru, s.s. golf og leikvelli. Svo óneitanlega væri gott að hafa pott á veröndinni. Takk.
- Það eina sem vantaði á Eiðum var heitur pottur en veit að það er mikið mál vegna aðgangs að heitu vatni.